

Fámenn námskeið, helgun í námi og upptökur

Helstu verkefni kennslunefndar
Hugvísindasviðs



Ljósmynd: Kristinn Ingvarsson

Björn Þorsteinsson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Að vanda sinni kennslunefnd Hugvísindasviðs ýmsum verkefnum veturinn 2017-18. Þar bar hæst kennsluþing sviðsins sem haldið var í maímánuði (sjá nánar í annarri grein hér í tímaritinu: Að helga sig náminu. Kennsluþing Hugvísindasviðs 2018). Einnig stóð nefndin fyrir rabbfundum um kennslu eins og undanfarin ár. Haldnir voru fimm slíkir fundir þar sem rætt var um ýmis mál, svo sem vendikennslu, meðvitund í málanámi – og gildi þess að kennari tali sem minnst í kennslustundum! Rabbfundirnir voru haldnir á miðvikudögum kl. 9 og verða áfram fastur liður í starfsemi kennslunefndarinnar.

Í nóvemberlok stóð kennslunefndin fyrir námskeiði í samvinnu við Kennslumiðstöð undir heitinu „Upp á von og óvon“. Þar var fjallað um hvernig bera megi sig að þegar námskeið reynast of fámennt til að kostur sé á hefðbundinni kennslu. Í þessu skyni var hugmyndin um námsmiðaða sýn kynnt og skýrð.

Meðal annarra mála sem rötuðu inn á borð nefndarinnar á starfsárinu má nefna hámarksnámsstíma, endurskoðun á reglum Kennslumálasjóðs, rafræn próf og upptökur í tímum. Síðastnefnda málefnið má heita sigilt viðfangsefni og bar meðal annars mjög á góma á kennsluþinginu.

Formaður nefndarinnar til 1. janúar 2018 var Steinunn Kristjánsdóttir en þá tók Björn Þorsteinsson við formennsku. Bæði sátu

þau í nefndinni sem fulltrúar Sagnfræði- og heimspekideildar. Auk þeirra voru í nefndinni Ásta Ingibjartsdóttir frá Mála- og menningardeild, Rannveig Sverrisdóttir frá Íslensku- og

menningardeild, Rúnar M. Þorsteinsson frá Guðfræði- og trúarbragðfræðideild, Eydís Blöndal fulltrúi nemenda og Ásdís Guðmundsdóttir kennslustjóri Hugvísindasviðs.

Stefnumótun

Gæðamatskerfi í kennslu og öndvegissetur á sviði kennslu í náttúruvísindum

Guðrún Geirsdóttir, dósent við Menntavísindasvið og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands

Dagana 14 og 15 maí 2018 fengum við góðan gest frá Háskólanum í Bergen þegar að Vigdís Vandvík, prófessor í náttúruvísindum og stjórnandi bioCEED, heimsótti Háskóla Íslands (HÍ). Vigdís leiðir bioCEED sem er eitt af tíu öndvegissetrum um háskólanám og kennslu sem er styrkt af norskum stjórnvöldum.

BioCEED vinnur á sviði náttúruvísindakennslu og hefur verið hampað af norskum stjórnvöldum. Verkefni þaðan hafa haft áhrif á háskólakennsluþróun í Noregi og víðar. Auk

þess að leiða bioCEED var Vigdís í forsvari fyrir mótun nýrrar stefnu Háskólans í Bergen um gæðakennslu og hefur leitt vinnu háskólans við að byggja upp gæðamatskerfi þar sem lagt er mat á framlag til kennslu. Vigdís Vandvík hélt tvö erindi í HÍ, annars vegar erindi um kennsluþróun á vegum bioCEED og hins vegar erindi um gæðamatskerfi í kennslu á sameiginlegri vinnu stofu fulltrúa kennslunefnda og ábyrgðar aðila kennslu þar sem unnið var að stefnu HÍ um gæði náms og kennslu.